

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 8. júlí 2021

Athugasemdir Landverndar um hvítbók ráðherra um aðlögun að loftslagsbreytingum

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér hvítbók ráðherra þar sem talað er um aðlögun að loftslagsbreytingum. Verkefnið er þarft en áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi eru þegar komin fram. Hamfarahlýnun eykur tíðni skriðufalla, skyndilegra vatnavaxta og öfgafullra veðurfyrirbæra. Aukin tíðni þess háttar atburða sést nú þegar á Íslandi. Breytingar á hitastigi og sýrustigi sjávar eru talin ráðandi þáttur í breyttri fiskgengd og hraðri fækkun margra fuglategunda sem sækja fæði í sjó eins og lunda. Landvernd fagnar því framkominni hvítbók og telur hana mikilvægt plagg í áframhaldandi vinnu við aðgerðir til að sporna gegn og aðlagast loftslagsbreytingum.

Hvítbókin er ekki síður mikilvægur rökstuðningur fyrir því að Ísland geri sitt allra besta til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda því loftslagshamfarir hafa mikil áhrif á öllum sviðum samfélagsins nú þegar og áhrifin verða meiri með hverju árinu.

Almennar athugasemdir

Hvítbókin er almennt séð gott fyrsta skref, þó hún komi seint fram. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi kom út 2018¹ og hefur enn ekki verið formlega kynnt. Vegna þess að áhrif loftslagsbreytinga eru þegar komin fram og vísindaleg óvissa um málið er lítil hefði Landvernd vilja sjá nákvæmari og markvissari aðgerðir í hvítbókinni, sem eru tímasettar og mælanlegar. Tímafrekar kortlagningar og skýrslugerðir eru mikilvægar en mega ekki beina athygli og orku frá beinum aðgerðum til að vernda, styrkja og viðhalda innviðum sem þjóna almenningi.

Atvinnulíf

Flestar aðgerðir sem lýst er í hvítbókinni eru á höndum ríkis og sveitarfélaga en stjórn Landvernd vill sjá að skylda verði sett á atvinnulífið að taka einnig beinan þátt í aðlögun. Atvinnulífið er stærsti losandi gróðurhúsalofttegunda og leikur því lykilhlutverk í aðlögun og að draga úr losun.

Samdráttur í losun

¹ [Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi | Loftslagsskýrsla 2018 | Veðurstofa Íslands \(vedur.is\)](#)

Tómt mál er að tala um aðlögun að loftslagsbreytingum á meðan aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru ómarkvissar og hafa enn ekki skilað árangri. Á meðan Íslendingar hafa eitt hæsta kolefnisfótspor í Evrópu m.v. höfðatölu verður tal um aðlögun óviðeigandi. Skrúfa verður fyrir krana losunar. Stjórn Landverndar telur því nauðsynlegt að tengja einstaka kafla hvítbókarinnar við aðgerðir í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Þá bendir Landvernd á athugasemdir sínar við aðgerðaáætlunina þar sem samtökin benda á að hún dugi skammt² og nýútkomna skýrslu Environice um leiðir til að ná markmiði um jarðefnaeldsneytislaut Ísland 2035³. Til þess að ná skjótum samdrætti í losun, þarf að leggja áherslu á bílaleigur, fiskiskip og að draga úr framleiðslu (og innflutningi) á kjöti.

Sértækar athugasemdir

Hér fara nokkrar athugasemdir stjórnar Landverndar um einstaka kafla hvítbókarinnar. Þær eru ekki tæmandi og sérstaklega er rætt um 9. Kafla um atvinnuvegi.

9. kafli – atvinnuvegir.

Kaflinn sýnir greinilega að loftslagsbreytingar hafa og munu hafa gríðarleg áhrif á alla geira samfélagsins og að grípa hefði átt til víðtækra aðgerða fyrir löngu svo Ísland geti orðið fyrirmynd. Landvernd bendir á að það sé auðveldar sé að fyrirbyggja áföll heldur en að mæta þeim. Landvernd leggur því megin áherslu á nauðsynlegar aðgerðir strax sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hvetja aðrar þjóðir til dáða.

Í því samhengi er nauðsynlegt að atvinnulífið taki þátt og leggi sitt af mörkum til þess að hindra frekari hamfarahlýnun. Auka þarf áherslu á að fyrirtæki og atvinnurekendur taki virkann þátt í aðgerðum sem fyrirbyggja frekari hlýnun og fjármagni aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að stemma stigu við frekari skaða.

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu, Samtök iðnaðarins o.þ.h. ættu öll að vera aðilar og skuldbinda sig til þess að sýna fram á árangur. **Það er hægt að gera með því að:**

- **Fyrirtæki og stofnanir geri úttekt á því hvernig loftslagsváin geti haft áhrif á þau**
- **Fjárfestingaáætlanir útiloki fjárfestingar í tækni sem er skaðleg fyrir umhverfið**
- **Skyldur verði lagðar á herðar atvinnulífs af hálfu stjórnvalda**

Í hvítbókinni er nefnt að flest fyrirtæki á Íslandi hafi enn ekki þurft að taka tillit til loftslagsáhrifa, tekið er fram að samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs geti verið háð því að stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar tileinki sér breytta og bættu viðskiptahætti.

² [Mikil bæting á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum en tíminn er naumur - Umsögn Landvernd](#)

[Loftslagshópurinn gagnrýninn á aðgerðaáætlun - Landvernd](#)

³ [Jarðefnaeldsneytislaut Ísland 2035 – Skýrsla - Landvernd](#)

Markmiðin fela í sér að huga þarf að því hvernig atvinnulífið geti aðlagð sinn rekstur að vaxandi áhættu sem fylgir loftslagsbreytingum. Sérstaklega er rætt um gagnsæi í fjárfestingum og skoða eigi kerfislæga áhættu.

Markmiðin sem sett eru fram eru í miklu ósamræmi við þörfina fyrir að breyta og bæta viðskiptahætti. Markmiðin sem sett eru fram eru ekki mælanleg, áþreifanleg né tímasett. Ekki er minnst á gjald á losun gróðurhúsalofttegunda eða aðrar álögur á fyrirtæki sem skaða umhverfið og náttúruna. Landvernd minnir á að kolefnisgjald er sú aðgerð sem líklegust er til þess að skila skjótum og varanlegum samdrætti í losun⁴. Ekki er minnst á hertar reglur varðandi umhverfisáhrif, né ábyrgð atvinnulífsins að undirbúa viðbrögð gagnvart hamfarahlýnun.

Markmið fyrir sjávarútveg í hvítbók eru:

1. Að meta þurfi áhrif breytinga á stofnstærðir
2. Efla þarf grunnþekkingu á tengslum við kalkbúskap sjávardýra og súrnun sjávar
3. Greina þarf hvernig Hafró geti sinn sínum verkefnum
4. Meta þarf heildstæð áhrif á Sjávarbyggðir
5. Meta þarf aðlögunarþörf og innviði sjávarútvegsfyrirtækja

Athugasemd frá Landvernd

Ekkert þessara markmiða felur í sér breytta og bætt viðskiptahætti í sjávarútvegi. Ekki er stungið upp á aðgerðum sem fyrirtækin sjálf, eða samtök þeirra bera ábyrgð á. Ekki er talað um upplýsingagjöf, mælingar né gagnsæi í fjárfestingum eða áætlunum.

Greining framkvæmd af High Level Panel for sustainable Ocean Economy⁵ sýnir að 1\$ sem er fjárfest í grænum lausnum skilar sér fimmfalt. Fjárfestingar í því að

- 1) Varðveita og endurheimta búsvæði vatnasvæða
- 2) Skala upp vindorkuver í úthöfum
- 3) Gera alþjóða skipaflotann jarðefnaeldsneytislausan

⁴ Sjá skýrslur frá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

OECD (2019). *Taxing Energy Use 2019: Using Taxes for Climate Action*, OECD Publishing, Paris
International monetary fund (2019). *Fiscal monitor – How to Mitigate Climate Change*. IMF publishing, Washington)

⁵ <https://www.oceanpanel.org/climate>

4) gera fiskveiðar sjálfbærar

Engar tölur eru settar fram um fjárfestingar í sjávarútvegi, orkuskiptin sem þurfa að eiga sér stað, ekki er minnst á plast og þann plastúrgang sem sjávarútvegurinn ætti að koma í veg fyrir að nota. Ekki er minnst á reglur um stjórnhætti fyrirtækja, skyldur varðandi gagnsæi, umhverfisstjórnunarkerfi eða mælanlegar upplýsingar. Hægt er að óska eftir áætlunum frá fyrirtækjum um hvernig þau ætli að aðlaga rekstur sinn nýjum aðstæðum og hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafi á reksturinn.

Landbúnaður

Markmið í hvítbók

1. Gera þarf heilstætt mat á umhverfisáhrifum
2. Leggja á mat á aðgerðir til að meta áhrif á landbúnaðinn
3. Greina þarf afleidd áhrif.

Athugasemd frá Landvernd

Ekkert þessara markmiða felur í sér breytta viðskiptahætti í landbúnaði. Ekki er fjallað um breyttar áherslu í landbúnaði og hvernig þarfir markaðarins eru að breytast. Ekki er fjallað um hvaða skyldur landbúnaðurinn sjálfur hefur, og hvaða aðgerðir fyrirtæki og einstaklingar ættu að fara í til þess að minnka skaðann. Auk þess liggja þessar greiningar að miklu leyti nú þegar fyrir og fara ætti strax í aðgerðir samhliða greiningum sem geta raunverulega bætt einhverju við. Landvernd bendir á umfjöllun sína um aðgerðir í Landbúnaði í umfjöllun um aðgerðaáættun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Landbúnaðurinn er ábyrgur á mikilli plastmengun, bændur nota plast sem umbúðir um heyrúllur. Umbúðir eru stór hluti framleiðslu landbúnaðarafurða og eflaust má finna umhverfisvænni lausnir.

Ferðaþjónusta.

Markmið sem sett eru fram í hvítbók

- Móta stefnu um greiningu og vöktun á afleiðingum loftslagsbreytinga á íslenska ferðaþjónustu.
- Kanna á kerfislæga áhættu fyrir ferðaþjónustu vegna áhrif loftslagsbreytinga, innan annara geira eða utan landsteinanna. Hér eru taldar upp ýmsar ástæður sem gætu aukið ferðamannastraum til Íslands.
- Kanna á kerfislæga áhættu ferðamannaíðnaðarins.
- Kortleggja á hvaða tegundir ferðaþjónustu eru viðkvæmastar fyrir loftslagsvánni.
- Skoða á hvernig ferðamálastofa geti sinnt sínu hlutverki.
- Efla þarf samvinnu ólíkra aðila til þess að fella málefni aðlögunar að loftslagsbreytingum inn í stefnumótun ferðamála og hvetja ferðaþjónustufyrirtæki og ferðamannastaði til þess að taka þau inn í áætlanagerð ef við á.

Athugasemd frá Landvernd

Ekki er fjallað um ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja á því að greina stöðuna, og bæta ástandið og hvernig sá iðnaður ætlar að glíma við breytta heimsmynd. Áhersla á sjálfbæra ferðaþjónustu með lítilli losun þýðir áherslu á lengri ferðir og færri. Því ætti ferðaþjónustan á Íslandi að skoða hvernig hún getur komið þessu til leiðar. Þá þurfa orkuskipti í samgöngum innanlands einnig að ná til ferðaþjónustunnar.

Vátrygginga og fjármálastarfsemi

Markmið sem sett eru fram í hvítbók

Efla rannsóknir á getu félaga til að mæta aukinni áhættu

Auka má gagnsæi um aðgerðir innlendra vá og fjármálafyrirtækja

Endurskoða ætti löggjöf varðandi vátryggingar og náttúruvá, sérstaklega m.t.t. flóðaáhættu.

Efla ætti þekkingu á loftslagsáhættu vátrygginga og fjármálafyrirtækja til að bæta eigin ákvarðanatöku fyrir lán og fjárfestingar.

Endurskoða ætti kröfur um gagnsæi í skýrslugerð varðandi loftslagsáhættu.

Meta ætti hvernig gögn vátryggingafélaga gagnist við landskipulag

Kanna aðkomu NTÍ að gerð skipulagsáætlana

Auka þarf upplýsingagjöf til almennings um hættur vegna loftslagsbreytinga

Auka þarf upplýsingagjöf til almennings um vátryggingavernd

Aðlaga ætti hamfaraáætlanir og miða við verstu mögulegu útkomu

Kanna ætti möguleika á bótaskyldu vegna rekstrarstöðvunar v. Loftslagsbreytinga

Athugasemd frá Landvernd

Ekkert af þessum markmiðum fela í sér aðgerðir sem vátryggingaaðliar og fjármalastarfsemi þurfa að gera eða framkvæma eða breyta sínum markmiðum eða viðskiptaháttum.

Hægt er að fara fram á að fyrirtæki setji sér markmið um fjárfestingastefnu, að þau upplýsi um áhrif þeirra á umhverfið, að þau útbúi áætlanir til þess að glíma við afleiðingar hamfarahlýnunar.

Ábendingar varðandi lýðheilsu, samgöngur og orkuskipti:

10. kafli Lýðheilsa

Lýðheilsuþáttur og aðgerðir í loftslagsmálum fara mjög oft saman. Fjölbreyttur ferðamáti og minni neysla dýraafurða⁶ hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu. Ekki er talað um loftmengun. Loftmengun er samt talin valda 70 dauðsföllum á ári á Íslandi skv. skýrslu Alþjóðaðaumhverfisstofnunar 2020.⁷ Aukin áhersla á samlegðaráhrif lýðheilsu og aðgerða í loftslagsmálum, bæði aðlögun og til að draga úr losun, þyrfti að koma fram í hvítbókinni.

Samgöngur

Athugasemd frá Landvernd

Áhersla ætti að vera á fjölbreyttan ferðamáta og strangar kröfur á bílaleigur. Eins og ástandið er í dag eru það bílaleigur sem tefja fyrir rafbílavæðingu Íslendinga⁸.

Þetta eru óbein áhrif, því bílaleigur eru stærsti kaupandi nýrra bíla og þessir bílar koma út á markaðinn sem notaðir bílar 2 árum síðar. Þannig stýra bílaleigur því óbeint hvernig bíla Íslendingar aka.⁹

Vegna þessara óbeinu áhrifa ættu stjórnvöld að skylda bílaleigur til þess að kaupa rafbíla í stað bíla sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti og styðja við uppbyggingu innviða svo allir Íslendingar geti nýtt sér rafbíla.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

⁶ Tilman, D. and Clark, M. (2014) *Global diets link environmental sustainability and human health*. Nature (515) pp. 518-521 og Springman, M. et al. (2018) *Health and nutritional aspects of sustainable diet strategies and their association with environmental impacts: a global modelling analysis with country-level detail*. Lancet Planet Health (2) pp. e451-61

⁷ EEA. (2020). *Air Quality in Europe - 2020 report EEA*. <https://doi.org/10.2800/786656>

⁸ <https://www.bgs.is/is/um-bgs/bgs/frettir/hlutfall-nyorkubila-af-solu-mjog-hatt>

⁹ Þorleifsdóttir, H. M. (2019). *Raforkuþörf orkuskipta í samgöngum Rafbílamband Íslands Febrúar 2019*.